



VESTURBYGGÐ



ÍBÚAFUNDUR Á PATREKSFIRÐI Miðvikudaginn 7. október 2015

Fundurinn var haldinn í Félagsheimili Patreksfjarðar. Fundarmenn voru 23, að fulltrúum Vesturbyggðar meðtöldum. Hér fara á eftir minnispointar frá fundinum.

Umræðuefni sem fundarmenn stungu upp á

Fyrst stungu fundarmenn upp á umræðuefnum með því að skrifa niður á miða, sem síðan voru flokkaðir. Hér er það sem rataði á miðana. Hver málaflokkur var svo ræddur frekar.

Samgöngur og umferð

- Hraðamyndavélar á ljósastaura.
- Gatnagerð; þrýsta á Orkubúið, Símann og fleiri viðkomandi að ganga almennilega frá eftir sig. Steypa/malbika.
- Nýr vegur að Félagsheimili á móti Drottningarbraut og lýsingu.
- Samgöngumál.
- Gatnagerð.
- Umferðaröryggi.
- Umferðaröryggi við Mikladalsveg.
- Laga Björg.
- Lagfæring á götunni á Hólum.
- Framkvæmdin á endurbótum á Aðalstræti. Hvað stoppaði það? Og hvað áætlaði Vesturbyggð í kostnað í þá framkvæmd?
- Hraðinn á bílum inn í bæinn.

Björgin

- Björgin „vistvæn gata“. Gangandi vegfarendur hafi forgöngu.
- Leiksvæði í Björgunum.
- Lýsing við stíg frá Björgunum að Sigtúni.
- Jarðvegsmön eða gróðursetningu fyrir ofan efri húsaröð á Björgunum.

Göngu- og hjólastígar

- Göngustígar innanbæjar. Lýsing á göngustígum.
- Lýsing á gönguleiðum.
- Göngustígar + lýsing.
- Hjóla- og göngustígar (gangstéttir).
- Endurnýja göngustíga s.s. upp á Geirseyrarmúla.

Umhverfismál

- Umhverfismál.
- Umhverfismál.
- Umhverfismál.
- Umhverfismál.

Skólamál

- Minnka kostnað foreldra í lengdri viðveru.
- Skólamál, vera fremst í flokki.
- Tónlistarskóli. Efling framboðs eða starfs skólans; fleiri hljóðfæri, samvinna á milli grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla.
- Leikskólinn.
- Huga betur að leikskólum og umgjörð þeirra. Virkja betur starfsumhverfi barnanna, þ.e. virkara starf á leikskólum fyrir alla aldurshópa þar.

Leikvellir

- Leikvellir.
- Fjölga leikvöllum í bænum.

Málefni fatlaðra

- Málefni fatlaðra.
- Aðgengi fatlaðra.

Atvinnumál

- Sterk fyrirtæki í sterku samfélagi.
- Hátækni fyrirtæki – fullnýting afurða / aukaafurða.

Sorpmál

- Fá sorpgrenndargáma í hverfi.
- Aukinn opnunartími á sorpflokkunarstöð.

Straumnes / Kaldbakur

- Straumnes.
- Straumnes / Kaldbakur. Endurbætur og útleiga.

Menningarmál

- Vatneyrarbúð.
- Menningarmál – stuðningur við listir og menningarviðburði.

Höfn

- Flotbyggja fyrir björgunarskipið Vörð II.

Málefni eldri borgara

- Huga betur að málefnum aldraðra. Gera umhverfi starfsfólks félagsþjónustunnar áhugaverðara og eftirsóknarvert.

Veitumál

- Háhraðatengingar (lykill að vexti og bjartri framtíð).

Samfélag

- Samfélag sem styrkir alla (unga, gamla, fjölskyldurnar, nýbúa o.s.frv.)

Kynntar hugmyndir

Fyrir íbúafundi á vegum Vesturbyggðar hafði verið kallað eftir kynningu á hugmyndum / tillögum frá íbúum. Tveir fundarmenn kynntu hugmyndir eða ábendingar á fundinum á Patreksfirði.

1. Undirskriftalisti íbúa á Björgunum þar sem óskað er eftir hraðahindrunum í götunni.

Sjá nánar í punktum hér fyrir ofan og punktum um umræður, hér fyrir neðan.

2. Íþróttamál. Páll Hauksson.

- Reitur fyrir utan fótboltavöll. Þar verði tennisvöllur. Búið að hafa samband við Tennissambandið. Páll leggur fram tæki og vinnu.
- Verður fallegt.
- Gervigras.
- Stærð vallar: 36 x 12,5.

Fleiri hugmyndir Páls:

- Salerni bak við Aðalstræti 5. 65 metrar í aðveitu og fráveitu.
 - Góð ábending (Kom fram í umræðum).
- Afhenti líka úttekt á umferðarmerkjum í Vesturbyggð.

Punktur úr umræðum

Björgin

Hættuleg gata sker hverfið frá.

Hvar hægið þið á ykkur?

Börnin á götunni.

Parf að laga götuna. Tækifæri til að gera hana fallega.

Þrengingar?

Vistgata.

Lausir steypumolar í götunni.

Hraðakstur: Allir fari í það að skoða, hvernig get ég breytt ástandinu.

Lögreglan verði sýnilegri.

Hvers vegna ekki hraðamyndavélar?

Vantar skilti sem sýna hámarkshraða.

Sigtún > skilti við Strandgötu.

Íbúar ákveði staðsetningu á hraðahindrunum.

Sigtún; hraðahindrun var sett nálægt leiksvæði barna. Það er meginreglan varðandi staðsetningu á hraðahindrunum.

Hraðahindrun á Sigtúni hægir ekki nægilega mikið á.

Sigtún, versnaði þegar hægri réttur var afnuminn.

Hvers konar hraðahindranir henta?

Dæmi: Tveir pólur, sitt hvoru megin við götuna.

Spurning um snjómokstur.

Hraðakstur flutningabíla á Strandgötu.

Lýsing frá Björgum að Sigtúni verður í snjóflóðavarnarveggnum. Góð ábending. Plús rampur fyrir vagna og hjól. Verður gert á næstu 2 – 3 árum.

Verið að hvetja börnin til að ganga í skólann. Göngustígar og lýsing því mikilvæg.

Tennisvöllur

Hugmynd um strandblak á þessum sama stað og hugmyndin um tennisvöll.

Á að færa út girðinguna.

Vinna nokkrar hugmyndir og bera undir fólk. Klifurveggur, skautasvell.

Svar bæjarstjóra varðandi malbikun á Aðalstræti: Ekki fékkst viðunandi tilboð í undirlagsvinnu. Verður boðið út í nóvember. Mögulega taka 2 áfanga. Kostar 250 milljónir með öllu tilheyrandi, lýsingu, undirlagi, lögnum og gangstéttum. Lagnir verða endurnýjaðar og sett tvöfalt kerfi (sér fyrir regnvatn). Verður farið að Vatneyrarbúð – Aðalstræti 69. Þessi upphæð er fjórðungur af tekjum sveitarfélagsins á einu ári. Allar framkvæmdir á þessu ári voru upp á 300 milljónir. Þessir fjármunir verða teknir að láni.

Langt milli ljósastaura á Aðalstræti. Einhverjir staurar dauðir.

Umhverfismál

Útvistarsvæði Miklidalur, fram að Móum og Wembley.

Umgengni.

Spennistöð hjá Orkubúinu.

Tæki til að mala við námu, Siggi á Skeri.

Skreiðarhjallur. Skiptar skoðanir um hann.

Fella tré á Wembley? Ekki öll ónýtt.

Skakkiskógur – verður frægur einn daginn!

Miklidalur; þurfum a taka ákvörðun um hvort þetta á að vera útvistarsvæði.

Fleiri bekkir. Hér og á Bíldudal.

Eldi. Slóg úr fiskeldi verður jafn mikið og allur kvóti í öðrum tegundum á svæðinu. Mikið magn. Er heimilt að kasta þessu í hafið?

Svar bæjarstjóra: Nei ekki heimilt að kasta í hafið. Tvö fyrirtæki eru að skoða vinnslu og eru í samræðu við fyrirtæki á staðnum. Fyrirtæki ætlar að fara í vinnslu á slógi á Tálknafirði. Mjöl og lýsi. Próteinverksmiðja. Það eru tækifæri í þessu!

Gæludýragrafreitir, staðsetja einhversstaðar uppi í dal. Erindi fór inn á fund í skipulags- og umhverfissráði. Var fagnað. Eftir að finna reitinn. Gamla Móakotstúnið? Er í einkaeigu. Þrifa fjörur á Rauðasandi, sbr. tiltektardagur á vegum Umhverfisstofnunar. Hafa árlegan umhverfisdag. Ganga fjörur. Vesturbyggð beiti sér.

Geirseyrarmúli vinsæll göngustígur, þarf að laga. Lagfæra og merkja. Gæti verið í samstarfi við Íþróttafélag, eða SEEDS.

Benda á skrá.

Göngubrú yfir vatnsveituból = gera við eða rífa. Er á áætlun, ekki fengist iðnaðarmenn. Sveitarfélagið sýni gott fordæmi.

Leikskólinn

Opna starfið meira.

Virkja leikskólann betur.

Til að verði meiri ánægja. Er ánægja með starfið í grunnskólanum.

Ekki nóg að laga skólalóð.

Óánægja með að búið er að skipta upp árgöngum til að rúmist í húsnæðinu.

Er hægt að stokka upp rými og setja inn eftir stærð árganga?

Rýmið fyrir yngstu börnin er hannað fyrir þau.

Foreldrar og börn eru ekki sátt.

Hefur foreldrafélagið rætt þetta? Já.

Tónlistarskólinn

Vantar samstarf tónlistarskóla og grunnskóla.

Byrja tónmenntakennslu í leikskóla.

Grunnur að góðu námi.

Tónlistarskólinn er ekki nógu góður.

Í dag er samstarf við grunnskólann, þannig að krakkar fara úr tíma.

Frekar átt við tónmennt inni í stundaskrá.

Málefni fatlaðra

Ekki aðgengi að opinberum byggingum.

Á að byggja við Sýsluskrifstofuna og þar verður lyfta.

Vesturbyggð hefur keypt Aðalstræti 75. Þangað fer öll starfsemin og þar verður lyfta.

Félagsheimilið, þar vantar salerni fyrir fatlaða.

Íþróttaaðstaða

Hér er glæsileg íþróttaaðstaða, en hún er of lítið notuð. Allir í sund!

Höfn

Flotbryggja. Flest öll bæjarfélög hafa sett flotbryggjur. Björgunarsveitin mun senda erindi.

Málefni eldri borgara.

Ekki tómstundir á sjúkraúsinu.

Er ekki hjúkrunarheimili.

Þetta er ekki málefni sveitarfélagsins.

Stjórnendur Vesturbyggðar búnir að beita miklum þrýstingi.

Var teiknuð bygging ofan á sjúkrahúsið og sveitarfélagið bauðst til að reka. Hefur ekki gengið.

Erfitt að fá starfsfólk. Þurfum við ekki að huga að starfsumhverfi þeirra sem starfa hjá félagsþjónustunni?

Það er verið að gera ýmislegt í því.

Það sem er svo erfitt er að þetta er svo lítið starfshlutfall.

Orðið er við öllum óskum um þjónustu.

Þetta er ekki gagnrýni, bara ábending.

Hvaða leiðir eru til, til að gera starfið áhugaverðara?

Hugsa út fyrir félagsmálakassann.

Sorp

Er hægt að taka skrefið til fulls í flokkun?

Lengri opnunartíma á gámasvæði.

Losun á tunnum á ljósastaurum. Ekki alltaf nógu gott.

Blátunnan verður losuð mánaðarlega. Sér ferð.

Fer ekki allt í sama hauginn.

Á að létta sorpið um 20% >> minna sorp til urðunar. Sparar peninga.

Moltutunnur, er hægt að bjóða þær á lægra verði?

Væri gaman að prófa.

Krakkar sem eru að vinna í vinnuskólanum og stunda íþróttir. Væri hægt að gera þau ábyrg fyrir að halda íþróttasvæðinu hreinu? Þarf úrbætur á íþróttasvæðinu.

Flokksstjórar þyrftu þá að gefa þeim ákveðinn tíma í þetta.

Menningarmiðstöð „moll“

Verðslanir og menningarstarfsemi, bókasafn o.fl.

Straumnes.

Sveitarfélagið styður vel við menningarmál. T.d. leikfélagið á Bíldudal. Eins styðja fyrirtækin vel við.

Vatneyrarbúð = safnahús.

Vesturbyggð fékk húsið.

Komið ágætlega af stað á Vatneyri. Klára.

Klára á næstu 2 – 3 árum.

Mariú og Dóra vantar húsnæði fyrir sýninguna sína.

Pakkhúsið. Finna því verðugt hlutverk. Loka hurð sem er hrunin.

Ekki bara gera kröfur á sveitarfélagið. Sprettur frá einstaklingunum. Styrkja frekar einstaklingana.

Sinfóníutónleikar fyrir fullorðna í bíóinu. Hægt að gera án þess að kosta miklu til.

Straumnes. Á að laga þakið fyrir veturinn. Skortur á iðnaðarhúsnæði. Væri hægt að leigja út.

Samfélag

Gott samfélag er fólkið sjálft. Búum í frábæru samfélagið. Alltaf að verða betri!

Mórállinn er að verða betri.

Fólk tillitssamara við hvert annað.

Meiri blöndun ólíkra hópa.

Margt jákvætt og gott.

Pólverjar vilja helst vera út af fyrir sig. Einelti í pólska hópnum?

Selið hér, Lækur á Bíldudal. Handverksfólk. Erfitt að fá fólk til að koma.

Ekki leikfélag.

Tölum saman.

Sjálfböðastarf á vegum Rauða krossins. Erlendum íbúum boðið að koma til að læra íslensku. Tvær konur koma.

Höfum kannski ekki nægilega mörg verkfæri.

Lítum í eigin barm.

Það er alltaf bara hluti af samfélaginu sem tekur þátt.

Hrós til bæjarstjórnar!

Malbikunin, jákvætt fyrir ásýnd og breytt andrúmsloft í bænum. Vaxandi jákvæðni síðustu 5 árin.

Vesturbyggð: Upplýsingastreymi og fleira

Er hægt að setja upp mánaðarplan á vef Vesturbyggðar með öllum föstu liðunum í félagsstarfinu?

Vefsíðan er andlit sveitarfélagsins út á við. Stendur til að bæta hana.

Fundargerðir.

Upptökur frá fundum?

Við erum sveitarfélagið.

Lögheimilisskráning.

Íbúar eru nú 1014.

Umsjón með fundinum hafði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI í Grundarfirði og skráði hún þessa minnispunkta.

Hvernig höldum við áfram að þróa uppbyggilegt samtal milli íbúa og sveitarfélagsins?

- Nýta tæknina betur. Fáum þá líka unga fólkið 12 – 20 ára. Það er afskiptur aldurshópur.
- Tala um fundinn núna, þá mæta fleiri næst.
- Láta vita, koma með viðbrögð til baka.
- Fréttir af þessum fundi.
- Aðgengilegt sem flestum.
- Punktarnir héðan og hvað gerist svo.
- Hvað gerist núna?
- Hvar sýnilegt?
- Útvarpa bæjarstjórnarfundum.
- Sjá eitthvað gerast í framhaldinu. Þá eflast einstaklingarnir í að gera e-ð líka.
- Byggja upp traust, eftirfylgni, samvinna og jákvætt hugarfar allra.
- Þessi fundur á jákvæðum nótum.
- Hraðhindranir á Björgum.
- Eins og ein stór bæjarstjórn.
- Þegar við sjáum eitthvað af þessu framkvæmt.
- Vinnum sem ein heild. Verum með og aðstoðum við það.
- Skortir rödd nýbúans. Pólverjar. Verða bara fleiri. Virkja kraftinn sem þar býr. Þau segi okkur hvernig við getum unnið betur saman.
- Fá fleiri til að taka þátt.
- Halda áfram.
- Hittast aftur.
- Hvað getum við gert fyrir samfélagið. Erum öll ein heild.
- Kom til að fræðast. Er fróðari eftir þennan fund.
- Hef rætt við marga um margt. Hrósa fyrir góðar viðtökur. Alls konar kraftaverk. Fólk leggur mikið á sig. Er hlustað. Þetta hefst allt. Um að gera að tjá sig.
- Kom á óvart hvað þetta var jákvætt. Mörg hrós!
- Mjög gott. Stofna íbúasamtök?
- Íbúar hafa alltaf aðgang að stjórnendum sveitarfélagsins.
- Kaffistofu og pottaumræðan inn á fundi eins og þennan.
- Misjafnar skoðanir. Við hjá Vesturbyggð viljum heyra þær. Mikið um almennar kvartanir á Facebook. Koma athugasemdum til okkar beint.
- Takk fyrir dýrmætan fund.
- Ekki hægt að ljúka við allt. En mjög gott að fá þessa umræðu.
- Get betur sett mig í spor íbúa.
- Ánægja með þátttökuna.
- Vonandi koma enn fleiri næst og þá góður fundur eins og í kvöld.
- Fundir eins og þessi geta haft mikla og góða útkomu.

- Fara jákvæð út af fundinum, það fréttist.
- Gott að vera með utanaðkomandi umsjón með fundinum.
- Þakklæti fyrir innlegg Vesturbyggðar og fyrirtækjanna inn í íþróttalífið. „Gullegg sem ég má ekki missa“.
- Vaxandi jákvæðni í byggðarlaginu.
- Byggist upp á því þegar sveitarfélagið fer að framkvæma, þá fara íbúar að taka þátt.
- Fleiri svona fundir. Erlendu íbúarnir með.
- Þakkir.
- Endilega hafa samband við bæjarfulltrúa, starfsmenn og bæjarstjóra! (ÁS)
- Sýnum hverju öðru væntumþykju.